

Skipulags- og mannvirkjanefnd Ísafjarðarbæjar  
Stjórnsýsluhúsinu  
400 Ísafjörður

Ísafirði 25. maí 2021  
Eingöngu m. tölvupósti

Málefni: Plæging ljósleiðara og rafstrengs í Skutulsfirði, Súgandafirði og til Ingjaldssands.

Í tengslum við samning milli Ísafjarðarbæjar og Snerpu sem undirritaður var 18. maí 2021 (Ísland ljóstengt – viðauki 6) óskar Snerpa hér með því við Skipulags- og mannvirkjanefnd að **tekin verði afstaða til jarðvegsframkvæmda Snerpu** í dreifbýli sem felast í plægingu á ljósleiðara- og rafstreng sem hér greinir.

bls. 1

1. Yfir vog í Skutulsfirði (Engidal) að Grund, þaðan til Höfða og að flugvelli, plæging samtals 1.547 metrar.
2. Frá fjarskiptahúsi á Arnarnesi Niður að Heimabæ og Fremri-húsum og að húsi Isavia, plæging samtals 1.398 metrar.
3. Frá Suðureyri í Staðardal, plæging samtals 1.866 metrar.
4. Frá Tungu í Valþjófsdal til Sæbóls á Ingjaldssandi, plæging samtals 14.367 metrar.

Til upplýsingar hefur Snerpa samið við Orkubú Vestfjarða um sameiginlega framkvæmd við ljósleiðaravæðingu og þrífösun rafmagns frá Tungu í Valþjófsdal og út á Ingjaldssand og frá Suðureyri í Staðardal, sem mun leiða til samlegðar og lágmarksrasks á landi. Lagnaleiðin verður öll plægð nema þar sem vatnsveita Ísafjarðar er í forsvari fyrir skurði frá flugvelli á Suðureyri fyrir fjallið Spilli út að vegamótum í Staðardal. Jafnað verður yfir með sams konar yfirborði og er fyrir.

**Óskað er eftir að nefndin samþykki að um óverulega framkvæmd sé að ræða** sbr. fyrsta viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000, sjá lið 10.21 og sé ekki tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar.

Að ofansögðu upplýsist einnig sbr. 69. gr. fjarskiptalaga að samráð verður haft við fulltrúa landeigenda á öllum lagnaleiðum sem samþykkja fyrir sitt leyti lagnaleiðina. Sömulleiðis verður aflað leyfa hjá Vegagerðinni og umsagnar Minjastofnunar. Gert er ráð fyrir að framkvæmd og frágangur yfirborðs verði með þeim hætti að af framkvæmdinni verði lágmarksrask og að gróður nái að jafna sig að fullu á 1-3 árum og að landeigendur séu skaðlausir af öllum framkvæmdum tengdu verkinu.



f.h. Snerpu ehf.